

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Innra mat í VMA skólaárið 2013-2014 Áætlun um innra mat í VMA 2013-2015

Kennslu- og áfangamat

Hautönn 2013

Vorönn 2014

Verkmenntaskólinn á Akureyri
September 2014

Inngangur

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) starfar skv. lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#) en þar er m.a. kveðið á um hvernig innra mati skuli háttað í framhaldsskólum landsins.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.). Kveðið er á um að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (41. gr.). Tilgangur þessarar skýrslu er að halda til haga á einum stað öllum gögnum er varða innra mat skólans fyrir skólaárið 2013-2014 eins og lög gera ráð fyrir.

Innra mat í VMA og ISO 9001 gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans. Það er ein af forsendum frampróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum innan þeirrar starfsemi sem fyrirtækið eða stofnunin vinnur eftir. ISO-9001 gæðakerfið var á sínum tíma hannað fyrir fyriræki sem framleiða einhverja vöru til viðskiptavina. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skóli starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Mikil vinna hefur farið í að yfirfæra verkfæri gæðastaðla og gæðakerfisins yfir í nám, kennslu og þjónustu við nemendur og starfsfólk í skólanum.

Vorið 2010 fékk VMA ISO-9001 vottun á alla kennslu í dagskólanum og unnið hefur verið að því að laga fjarnámskennslu að gæðakerfið síðustu tvö ár. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið. Gæðakerfi af þessu tagi einkennast af því að stofnunin skilgreinir markmið sín með skólastarfinu og lýsir því síðan með t.d. verklagsreglum, starfslýsingum, skilgreiningum o.fl. hvernig staðið skuli að verki í þeim tilgangi að ná þeim gæðamarkmiðum sem stofnunin hefur sett sér. Kerfi af þessu tagi felur síðan óhjákvæmilega í sér reglubundið mat á starfi stofnunarinnar, á því hvort vinnan er í samræmi við skráðar verklagsreglur og hvort ástæða sé til þess að gera breytingar af einhverju tagi til þess að auka gæði þess starfs sem unnið er í skólnum. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári af ytri

vottunaraðila sem er *Vottun hf.* Jafnframt eru kennarar sem framkvæma svokallað innra mat á hverju skólaári sem tryggir að hver einasta verklagsregla sé rýnd.

Einnig er það mikilvægur hluti gæðakerfisins að allir geti komið á framfæri ábendingum og kvörtunum sem fara inn í ákveðið ferli og unnið er með samkvæmt verklagsreglum. Þetta ábendinga- og kvörtunarferli hafa nemendur, kennarar og annað starfsfólk nýtt sér til að koma á framfæri þáttum sem hægt er að bæta í starfi skólans.

Ástæða þess að skólinn er með ISO-9001 vottun er sú að hann þarf að vinna eftir alþjóðasamþykktum frá [International Maritime Organisation \(IMO\)](#), sem Ísland og þar með skólinn er aðili að. Þessar samþykktir gera kröfu um að nám vélstjóra sé aðeins kennt í skólum með vottað gæðakerfi þannig að vélstjórar geti fengið alþjóðleg réttindi.

Mat á skólastarfinu samkvæmt gæðakerfinu fer fram með sama hætti og innra mat hlýtur alltaf að gera. Upplýsingum um framkvæmd er safnað, gögnin eru rýnd af til þess skipuðum aðilum og athugað hvort framkvæmd er í samræmi við samþykkt verklag og tillögur um viðbrögð eru lagðar fram þar sem þess er þörf. Að þessu starfi kemur stór hluti starfsmanna með einum eða öðrum hætti en stjórnendur, fag- og brautarstjórar, gæðastjóri og starfsmenn sem ráðnir eru til að sinna innra eftirliti gegna lykilhlutverkum. Innihald gæðakerfis skólans er í [Gæðahandbók](#) sem er opin öllum í gegnum heimasíðu skólans. Áætlun um innra mat skólans er sett upp á hverju skólaári og fylgt eftir af gæðaráði.

Kennslumat

Á hverri önn fer fram kennslumat þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem hann fær í einstaka áföngum í skólanum. Þá eru niðurstöður úr kennslumati hafðar til hliðsjónar í starfsmannaviðtali við skólameistara/aðstoðarskólameistara. Einnig er kennslumatið gott tæki fyrir kennarann og stjórnendur til markmiðasetningar. Hver kennari fer í kennslumat þriðju hverju önn og starfsmannaviðtal á tveggja ára fresti.

Heildar niðurstöður kennslumats eru birtar á [heimasíðu skólans](#) og fylgja þær hér með í skýrslu gæðastjóra fyrir [haustönn 2013 og vorönn 2014](#).

Kennslukönnun haustannar 2013 fór fram í nóvember. Kennarar áfanga á eftirtöldum deildum/brautum fóru í kennslumat: íslenska, rafiðn, þýska, spænska, danska, raungreinar, matvæla- og sjúkraliðabraut, alls 32 kennarar. Alls fengust svör við 730 könnunum en hver

nemandi getur þurft að svara oftar en einu sinni þar sem ein könnun er fyrir hvern áfanga og kennara hans. Alls voru sendar út 2457 kannanir og er svarhlutfallið 29,7%.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

Í kennslukönnun á **haustönn 2013** svara 84,8% nemenda spurningunni ***Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi*** með því að svara *frekar sammála eða mjög sammála*.

Meðaltal haustannar 2012 (86,4%), vorannar 2013 (89,8%) og nú haustannar 2013 (84,8%) er **87%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna. Gæðamarkmiðið við þessari spurningu þarf að skoða fyrir síðustu þrjár annir til að ná öllum áföngum inn í svörunina þar sem kennslukannanir eru nú gerðar á 3ja anna fresti.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 75% nemenda svari spurningunni ***Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum*** með því að svara *frekar sammála eða mjög sammála*.

Í kennslukönnun á **haustönn 2013** svara **88,9%** nemenda spurningunni ***Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum*** með því að svara *frekar sammála eða mjög sammála*.

Meðaltal haustannar 2012 (79%), vorannar 2013 (85,9%) og nú haustannar 2013 við þessari spurningu er **84,6%** þannig að gæðamarkmið er lúta að þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu fjögurra anna. Gæðamarkmiðið við þessari spurningu þarf að skoða fyrir síðustu þrjár annir til að ná öllum áföngum inn í svörunina. Kennslukannanir eru gerðar á 3ja anna fresti.

Könnunin var unnin í gegnum könnunarforritið *SurveyMonkey* og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með slóð á könnunina. Alls voru sendar út 2457 kannanir og fengust 730 svör eða rúmlega 29,7% svörun. Alls var spurt um 32 kennara og 83 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstakra áfanga inni á *SurveyMonkey* sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að. Á haustönn 2013 var ekki farið í eftirrekstur í kennslustofur til að fá nemendur til að svara eins og venjan hefur verið. Í ljósi lítillrar þátttöku nemenda í könnuninni þarf greinilega að hvetja nemendur meira til að taka þátt í könnunum sem þessari.

Kennslukönnun á vorönn 2014 fór fram í apríl. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á vorönn 2014 voru 86 áfangar og 37 kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: byggingadeild, listnámsbraut, matvælabraut, samfélagsgreinar, stærðfræði og teiknigreinar.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

Í kennslukönnun á **vorönn 2014** svara **89,8%** nemenda spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

Meðaltal vorannar 2013 var 85,9% haustannar 2013 84,8% og nú vorannar 2014 89,8%. Meðaltal þessarar þriggja anna er **86,8%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást. Gæðamarkmiðið við þessari spurningu þarf að skoða fyrir síðustu þrjár annir til að ná öllum áföngum inn í svörunina þar sem kennslukannanir eru gerðar á 3ja anna fresti.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 75% nemenda svari spurningunni *Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

Í kennslukönnun á **vorönn 2014** svara **87,2%** nemenda spurningunni *Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

Meðaltal vorannar 2013 (89%), haustannar 2013 (79%) og nú vorannar 2014 (87,2%) við þessari spurningu er **85%** þannig að gæðamarkmið er lúta að þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna. Gæðamarkmiðið við þessari spurningu þarf að skoða fyrir síðustu þrjár annir til að ná öllum áföngum inn í svörunina þar sem kennslukannanir eru gerðar á 3ja anna fresti.

Á haustönn 2013 var send út könnun til nemenda sem voru skráðir í **áfangann FOR109** (Vefforritun). Þessi áfangi hafði ekki áður verið kenndur og var hannaður í samvinnu kennara í VMA og starfsmanna Stefnu hugbúnaðarhúss. Könnunin var gerð til að undirbúa betur námið sem fram fór á vorönn 2014 og voru niðurstöðurnar notaðar við hönnun áfangans. Niðurstöður fylgja hér með í lok skýrslunnar.

Þjónustu- og starfsmannakannanir

Samkvæmt áætlun um innra mat eru gerðar þjónustukannanir annað hvert ár þar sem nemendur eru spurðir um aðra þjónustu en kennslu í áföngum og um skólastarfið sem heild. Jafnframt eru gerðar starfsmannakannanir annað hvert ár þar sem starfsmenn eru spurðir um líðan í starfi, stjórnun innan stofnunarinnar og fleira er lýtur að starfsmönnum skólans. Í áætlun um innra mat átti að vera starfsmannakönnun á haustönn 2012 og þjónustukönnun til nemenda vorið 2013. Þjónustukönnun fyrir nemendur var frestað til haustannar 2013 og var lögð fram í lok september 2013 en starfsmannakönnun fór fram síðast á haustönn 2012. Niðurstöður starfsmannakönnunar fylgdu með síðustu sjálfsmatskýrslu en þær má jafnframt sjá á heimasíðu skólans.

Í nóvember 2013 var lögð fyrir nemendur **þjónustukönnun** þar sem spurt var um ýmsa þætti í skólastarfinu aðra en kennslu er snúa að t.d. þjónustu, aðstöðu og líðan nemenda. Allir nemendur í dagskóla (1121) fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni sem var gerð í gegnum SurveyMonkey. Alls 342 nemendur svöruðu könnuninni sem er rétt rúmlega 30% svörun. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það er sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólanum. Niðurstöður könnunar eru innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans.

Niðurstöður könnunarinnar voru ræddar á fundum stjórnenda og hefur skólameistari forgöngu um að nýta þær til að stuðla að bættu námsumhverfi. Niðurstöðurnar eru birtar á heimasíðu skólans og farið var yfir þær á starfsmannafundi á vorönn 2014. Þær hafa einnig verið ræddar við starfsmenn Lostætis sem þjónustar mötuneyti skólans. Nokkrar breytingar voru gerðar á spurningalistanum frá síðustu könnun, sértaklega varðandi mötuneytið og bætt var við spurningum er snúa að líðan nemenda í skólanum.

Tvær spurningar í könnuninni eru tengdar gæðamarkmiðum skólans. Fyrri spurningin er; *Í skólanum líður mér vel* en þar er leitast við að 90% nemenda svari alltaf eða oftast. Á haustönninni 2013 svöruðu **87,3%** nemenda að þeim liði alltaf eða oftast vel í skólanum. Þessi þáttur kemur því verr út en sett er fram í markmiðum skólans. Í samanburði við fyrri kannanir sést að niðurstaðan nú er aðeins betri en árið 2011 þegar hún var 85% en árið 2009 var hún 83%. Frá vorinu 2011 hefur skólasálfræðingur starfað við skólann.

Önnur spurning sem tengd er gæðamarkmiðum skólans er: *Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf*. Leitast er við að 90% nemenda svari mjög


sammála eða frekar sammála. Haustið 2013 svöruðu 76.4% nemenda að þeir teldu að VMA myndi undirbúa þá vel fyrir frekara nám eða starf. Þetta kemur því verr út en sett er fram í markmiðum. Í samanburði við kannanir frá 2009 (83%) og 2011 (83%) er niðurstaðan lakari nú og ástæða til að skoða betur þennan þátt í næstu þjónustukönnun.

Einkunarorð VMA

Í september 2013 var gerð könnun á meðal starfsmanna þar sem spurt var um þau gildi sem VMA stæði fyrir og yrðu notuð sem einkunarorð skólans í nýrri skólanámskrá. Fyrst var send út könnun þar sem starfsmenn völdu fjögur orð úr 11 orða lista sem starfsmenn höfðu valið á vorönn 2013. Viku síðar var send út önnur könnun þar sem starfsmenn völdu þrjú orð úr lista sex efstu orða sem voru valin í fyrri könnuninni. Niðurstaðan varð sú að einkunarorð skólans verða: *Fagmennska – Fjölbreytni – Virðing*.

Gildi VMA - önnur umferð

Veldu þér orð sem þér finnst best lýsa starfi, gildi eða einkunarorði VMA.		
Answer Options	Response Percent	Response Count
Fagmennska	64,4%	56
Fjölbreytni	69,0%	60
Metnaður	20,7%	18
Virðing	41,4%	36
Víðsýni	36,8%	32
Framsækni	34,5%	30
answered question		87
skipped question		2



Innri úttektir

Úttektum fyrir árið 2013 er lokið. Búið er að bregðast við þeim athugasemdum sem bárust.

Alls voru úttektirnar 13 á vorönn 2014 með samtals 34 verkferlum. Búið var að skila skýrslum fyrir 21 verkferil þegar þessi skýrsla er skrifuð með 31 athugasemd. Yfirlit yfir athugasemdirnar má sjá í skýrslu gæðastjóra fyrir vorönn 2014.

Ytri úttekt - Vottun

Kjartan J. Kárason starfsmaður Vottunar ehf. gerði úttekt á verkferlum þann 6. nóvember 2013 og 12. maí 2014. Skýrslu vegna athugasemda úr þessum úttektum má sjá í gæðaskýrslum. Engar alvarlegar athugasemdir voru gerðar í þessum úttektum og hafa þær athugasemdir sem gerðar voru nú verið settar í vinnslu.

Námsárangur

Í skýrslu gæðastjóra má sjá þau gæðamarkmið sem skólinn setur sér um nokkra þætti í skólastarfinu. Áfangstjórar halda utan um ýmis gögn er varða gæðamarkmiðin m.a. ástundun og námsárangur. Á vorönn 2014 var meðaleinkunn í áföngum 6,79 og á haustönn 2013 6,92 sem er svipað og síðustu annir. Meðaleinkunn hefur farið hækkandi frá árinu 2005 og væri forvitnilegt að rýna betur í ástæður þess. Gæðakerfið var tekið í notkun árið 2005 og þá hefur námsmat orðið fjölbreyttara á síðustu árum sem gefur nemendum aukin tækifæri til að sýna hvað í þeim býr á annan hátt en eingöngu stór lokapróf gefa tækifæri til. Gæðamarkmið skólans eru að meðaltalseinkunn áfanga sé 6,5 þannig að gæðamarkmið um meðaleinkunn hefur náðst.

Fallprósentan á vorönn 2014 var 10,2% og á haustönn 2013 9,58%. Fallprósenta á vorönn 2014 er aðeins hærri miðað við gæðamarkmið skólans sem eru 10%. Gæðamarkmiðum er því ekki náð í þessum þætti. Gera má ráð fyrir því að áhrif verkfalls kennara í mars 2014 hafi þar einhver áhrif. Fall nemenda í áföngum er viðfangsefni sem allir innan skólasamfélagsins þurfa að takast á við og með ritun á nýrri skólanámsskrá á skólaárinu 2014-2015 fer fram mat á námsmati almennt í skólanum.

Mætingar og brottfall

Ástundun og mætingar nemenda voru slakari en undanfarnar annir eða 87,8% meðalmæting á haustönn 2013 og 85,5% meðalmæting á vorönn 2014 hjá nemendum sem klára önnina. Gæðamarkmiðin eru 90% mæting. Brottfall á haustönn 2013 var 10%

og á vorönn 2014 var það 12% en gæðamarkmiðin eru 9%. Þessu markmiði var því ekki náð. Ein af ástæðum þess að meira brottfall er á vorönn er verkfall kennara. Hins vegar er brottfallið miklu minna en stjórnendur höfðu gert ráð fyrir í kjölfar verkfalls og er það vel hve vel nemendur mættu að loknu verkfalli og höfðu metnað til að klára önnina.

Kennsluáætlanir

Alls voru 292 kennsluáætlanir búnar til og dreift til nemenda í upphafi haustannar 2013. Öllum kennsluáætlunum var skilað til áfangastjóra og settar á heimasíðu VMA. Skil gengu vel .

Alls voru 276 kennsluáætlanir búnar til og dreift til nemenda í upphafi vorannar 2014. Öllum kennsluáætlunum var skilað til áfangastjóra og settar á heimasíðu VMA. Skil gengu nokkuð vel

Kennsluáætlanir í fjarnámi voru jafnframt settar inn á heimasíðu skólans.

Framvindumat

Framvindumati brautar- og fagstjóra á vorönn 2014 var skilað 13. mars. GÁT-020 Framvindumat brautarstjóra/fagstjóra (niðurstöður) er notað. Gæðaráð tekur skýrslurnar fyrir innan ákveðinna tímamarka en vegna verkfalls þá náðist það ekki. Gæðaráðsfundur var haldinn strax að loknu verkfalli þar sem ábendingum var svarað. Úrvinnsla úr framvindumatinu fyrir vorönn 2014 fór fram 8. apríl. Alls komu fram fjórar athugasemdir og gerðar voru 4 skýrslur. Úrbætur voru ákveðnar í framhaldi af gæðaráðsfundinum og skýrslunum dreift til þeirra sem fjalla áttu um þær og er úrvinnsla þeirra hafin og nokkrum lokið.

Yfirlit yfir athugasemdir sem komu fram við framvindumat vorannar 2014 má sjá í skýrslu gæðastjóra sem fylgir með sem fylgiskjal. Jafnframt má sjá athugasemdir sem komu fram við framvindumat haustannar 2013 í skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2013.

Áfangaskýrslur vegna haustannar 2013

Kennarar skiluðu áfangaskýrslum um starf haustannar á sýnidegi prófa þann 18. desember 2013. Fjallað var um athugasemdir úr matinu á tveimur gæðaráðsfundum og úrbætur ákveðnar í framhaldi af því. Skýrslum um athugasemdir hefur verið dreift til þeirra sem fjalla eiga um þær. Alls voru gerðar 15 skýrslur þar sem 39 ábendingar bárust. Yfirlit

yfir athugasemdirnar sem komu fram í áfangaskýrslunum vegna haustannar 2014 fylgja þessari skýrslu.

Áfangaskýrslur vegna vorannar 2014

Kennarar skiluðu áfangaskýrslum um starf vorannar á sýnidegi prófa þann 22. maí 2014.

Fjallað var um athugasemdir úr matinu á gæðaráðsfundi þann 2. júní 2014 og úrbætur ákveðnar í framhaldi af því. Skýrslum um athugasemdir hafa verið sendar í tölvupósti til þeirra sem fjalla eiga um þær. Alls voru gerðar 16 skýrslur. Yfirlit yfir athugasemdirnar sem komu fram í áfangaskýrslunum vegna vorannar 2014 fylgja þessari skýrslu.

Ábendingar og kvartanir

Á skólaárinu bárust 20 ábendingar og kvartanir til gæðastjóra án þess að þær færu í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Meðhöndlun 13 þeirra er lokið en sjö mál eru enn í vinnslu þegar þessi skýrsla er skrifuð. Flestar þessara ábendinga og kvartana koma frá nemendum til gæðastjóra eða annarra stjórnenda og varða málefni nemenda og nám þeirra í skólanum.

Umbóta- og forvarnaverkefni

Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans. Halda þarf áfram að létta það þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að skerða þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Mikið hefur verið gert í því að laga Gæðahandbókina að þörfum og notkun okkar í VMA. Það fór mikill tími á síðasta ári í að laga verklagsreglur, vinnulag og gátlista að þörfum og vinnubrögðum starfsmanna. Skólinn hefur fengið alhliða gæðavottun ISO-9001 fyrir allt nám í dagskóla VMA. Haldið verður áfram með innleiðingu fjarnáms inn í gæðakerfi skólans.

Öryggismál nemenda verða áfram í vinnslu innan öryggisnefndar og stjórnenda og er innleiðing öryggismyndavéla hluti af þeirri vinnu. Beiðni barst frá nefndinni um að gæðakerfið myndi halda utan um minniháttar óhöpp sem ekki eru tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þessu hefur verið bætt inn á GÁT-008 Frábrigði - ábendingar - tilkynningar - kvartanir - umbætur og forvarnir. Þessar skýrslur geymir gæðastjóri í möppu hjá sér merkt Óhöpp.

Samræming á námsmati innan skólans heldur áfram og í tengslum við endurskoðun á skólanámsskrá. Íslenskudeildin hefur t.d. verið í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson í framhaldi af fyrirlestrum Ingvars um námsmat sem haldin voru fyrir tilstilli skólans.

Gera þarf áttak í því að kennarar skrái þau verkefni sem þeir eru með í gangi. Töluvert er unnið að úrbótum á ýmsum sviðum í skólanum og eðlilegt er að mörg þessara verkefna séu skilgreind og skráð sem forvarnarverkefni eða umbótaverkefni.

Skólinn tekur þátt í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli eins og verið hefur síðustu ár. Á skólaárinu var áhersla á geðrækt.

Umbætur

Í gæðaskýrslu fyrir vorönn 2014 voru lagðar fram eftirfarandi umbætur:

- **Breytingar á húsnæði** og aðstöðu nemenda við VMA. Í stuttu máli verður aðstaða listnáms stækkuð á annarri hæð skólans. Öll kennsla á brautinni sem áður fór fram í kjallara a verður færð upp í F-05 og F-06. Skrifstofa og vinnuaðstaða kennara verður stækkuð og veggur settur upp á fyrsta bita í stofu F-05 og kaffistofa stækkuð. Þessum framkvæmdum er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð.
- **Aðstaða til kennslu í rafiðngreinum:** Töflubásar verða færðir niður í kjallara þar sem gamli íþróttasalurinn var og útbúið kennslurými þar við hliðina. Sú kennsla sem fór fram í F-05 og F-06 verður færð niður í stofu F-04 en búið er að skipta henni í tvö rými. Þessum framkvæmdum er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð.
- **Gryfjunni** verður breytt í sumar. Þar verður lýsingu breytt og settar tröppur. Fenginn var arkitekt í þessa vinnu og það verður virkilega spennandi að sjá hvernig til tekst. Þessum framkvæmdum er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð.
- **Kennsla í bifvélavirkjun** hefur verið í Fjölnisgötu en verður nú flutt í sama húsnæði og málmiðnaðargreinar. Settur verður veggur til aðgreiningar á verkstæðum. Þessum framkvæmdum er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð.
- Síðasta sumar var byrjað á **lagfæringum á snyrtingum skólahúsnæðisins**. Ánægja var með breytingarnar og nú verða snyrtingar í C-álmum og D-álmum lagfærðar. Þessum framkvæmdum er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð.

- Enn er verið að vinna að því að færa **fjarnámið undir gæðakerfið**. Búið er að fara yfir ýmsar verklagsreglur og enn er þó nokkur vinna eftir í þeim og gátlistum. Jafnframt þarf að samræma vinnulýsingar og fleira.
- Laga þarf **sag/kurlgeymslu í kjallara** undir tréiðnaðarbraut í samráði við Fasteignir Ríkissjóðs.
- Með tilkomu gámasvæðis við skólann verður auðveldara að vinna að **flokkun á sorpi** innan skólans. Vinna þarf að skipulagi og framkvæmd á flokkun á rusli í skólanum.
- Hafin er vinna við **deiliskipulag á lóð skólans** í samvinnu við Akureyrarbæ. Deilduskipulagið hefur verið samþykkt þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Þar sem matsáætlun skólans er hluti af gæðahandbók leggjum við hér fram skýrslu (á vef) gæðastjóra fyrir haustönn [2013 og vorönn 2014](#). Jafnframt fylgir með *áætlun um innra mat* til þess að sýna að skipulega er unnið að sjálfsmati í VMA.

Skýrsluna tók saman Sigríður Huld Jónsdóttir aðstoðarskólameistari.

Akureyri 25. september 2014

Hjalti Jón Sveinsson
Skólameistari

Fylgiskjöl.

- Skýrsla gæðastjóra fyrir [haustönn 2013](#) sem inniheldur m.a. kennslukönnun frá haustönn 2013. Bendi sérstaklega á gæðamarkmið skólans og mat á þeim. Vísað til heimasíðu.
- Skýrsla gæðastjóra fyrir [vorönn 2014](#) sem inniheldur m.a. kennslukönnun frá vorönn 2014. Vísað til heimasíðu.
- Áætlun um innra mat í VMA 2013-2015.
- Könnun vegna kennslu í FOR109 – vefforritun.

Á heimasíðu VMA má sjá kennslukönnun frá haustönn 2013 og vorönn 2014 <http://www.vma.is/is/skolinn/ymsar-upplysingar/kennslukannanir>

Gæðahandbók VMA er á heimasíðu skólans (<http://www.vma.is/gaedi>) og bendi þar sérstaklega á **verklagsreglu 106 Heildarstjórnun náms** (http://www.vma.is/static/files/gaedahandbok/05_verklagsreglur/05.1_abyrgd_stjornenda/vkl-106_heildarstjornun_nams-07-02-06.doc)

Einnig **verklagsreglur 401-405**

(http://www.vma.is/gaedi/page/o_05_verklagsreglur) sem taka yfir m.a. rýni stjórnenda og innri úttektir.